

Ed.

650. Frumvarp til laga

[319. mál]

um kvikmyndamál.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—1984.)

1. gr.

Kvikmyndasjóður Íslands starfar undir sérstakri stjórn. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn hans.

2. gr.

Verkefni Kvikmyndasjóðs eru m. a. þessi:

1. Úthlutun styrkja og lána til íslenskrar kvikmyndagerðar. Ennfremur er heimilt að styðja kvikmyndagerð, sem unnin er í samvinnu við erlenda aðila, samkvæmt nánari skilyrðum í reglugerð.
2. Aðgerðir til að efla kvikmyndamenningu á Íslandi.
3. Öflun og útgáfa upplýsinga um íslenskar kvikmyndir.
4. Kynning á íslenskum kvikmyndum erlendis í samvinnu við íslenska kvikmyndaframleiðendur á kvikmyndahátíðum og öðrum vettvangi.
5. Rekstur Kvikmyndasafns Íslands.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til þriggja ára í senn. Skal formaður skipaður án tilnefningar, en hinir fjórir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Félags kvikmyndagerðarmanna, Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félags kvikmyndahúsaeigenda og Félags íslenskra leikara.

Þegar fjallað er um málefni Kvikmyndasafns, skulu auk þess stjórnarmenn tilnefndir af Þjóðminjasafni Íslands og Námsgagnastofnun taka þátt í stjórnarstörfum.

4. gr.

Menntamálaráðherra ræður framkvæmdastjóra sjóðsins, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar. Annað starfsfólk ræður framkvæmdastjóri í samráði við stjórnina og eftir því sem fjárveitingar leyfa.

5. gr.

Tekjur Kvikmyndasjóðs eru:

1. Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemi áætluðum söluskatti af kvikmyndasýningum í landinu. Áætlun þessi skal gerð af Hagstofu Íslands.
2. Vaxtatekjur.
3. Aðrar tekjur.

Kvikmyndasjóður Íslands tekur við tekjum og eignum Kvikmyndasjóðs samkvæmt lögum nr. 14/1978.

6. gr.

Úthlutun úr Kvikmyndasjóði annast þriggja manna nefnd, kosin af stjórn sjóðsins, og mega nefndarmenn ekki eiga hagsmuna að gæta við úthlutunina. Nefndarmenn skulu kosnir árlega og nánari reglur settar um kosningu þeirra og starfssvið í reglugerð.

7. gr.

Kvikmyndasafn Íslands starfar innan vébanda Kvikmyndasjóðs, en um starfsemi þess skal sett sérstök reglugerð, þar sem nánar skal kveðið á um verksvið safnsins og starfsemi.

Framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs skal jafnframt vera forstöðumaður safnsins, en heimilt skal að fela einum af starfslíði sjóðsins að sinna sérstaklega málefnum safnsins.

8. gr.

Kvikmyndasafn skal safna íslenskum kvikmyndum og kvikmyndum um íslenskt efni, gömlum og nýjum, hverju nafni sem nefnast, og varðveita þær. Jafnframt aflar safnið sér eintaka (eftirgerða) af erlendum kvikmyndum sem hafa listrænt og kvikmyndasögulegt gildi.

Heimilt er að koma á skylduskilum kvikmynda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

9. gr.

Kvikmyndasafn fær fé til starfsemi sinnar samkvæmt sérgreindri fjárveitingu í fjárlögum hverju sinni. Safninu er einnig heimilt að afla fjár með kvikmyndasýningum og útgáfustarfsemi eða öðrum viðlíka hætti.

Einnig er heimilt að veita fé til starfsemi safnsins úr Kvikmyndasjóði samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

10. gr.

Heimilt skal Kvikmyndasjóði að láta starfsemi sína ná til myndbandagerðar og annarra tækniáferða, sem skyldar eru eða tengjast hefðbundinni kvikmyndagerð með einum eða öðrum hætti. Lögð skal áhersla á samstarf og samvinnu við sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins og aðra dreifiaðila sjónvarpsefnis.

11. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum stjórnar Kvikmyndasjóðs.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 14/1978 um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 11. maí 1981 skipaði menntamálaráðherra Ingvar Gíslason nefnd til þess að kanna leiðir til þess að efla Kvikmyndasjóð. Nefndin skilaði störfum 29. okt. s. á., en sérálit eins nefndarmanns barst ráðuneytinu 25. mars 1982.

Í nefndinni áttu sæti: Guðrún Helgadóttir, samkvæmt tilnefningu þingflokks Alþýðubandalagsins, Halldór Blöndal, samkvæmt tilnefningu þingflokks Sjálfstæðisflokksins, Sigmar B. Hauksson, samkvæmt tilnefningu þingflokks Framsóknarflokksins, Vilmundur Gylfason, samkvæmt tilnefningu Alþýðuflokksins, Jón E. Böðvarsson, samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytisins, Þorsteinn Jónsson, samkvæmt tilnefningu Félags kvikmyndagerðarmanna og Indriði G. Þorsteinsson, sem skipaður var formaður nefndarinnar án tilnefningar.

Nefndin varð sammála um tillögur, sem sendar voru ráðherra í frumvarpsformi, en einn nefndarmanna, Halldór Blöndal, skrifaði undir nefndarálitid með fyrirvara og skilaði séráliti. Tillögur nefndarinnar og sérálitið fylgja hér með sem fylgiskjöl.

Ráðuneytið sendi nokkrum aðilum nefndarálitíð til umsagnar og fylgja umsagnirnar einnig hér með sem fylgiskjöl.

Á vegum ráðuneytisins hafa verið gerðar nokkrar breytingar á frv. nefndarinnar og eru þessar helstar:

1. Ekki er gert ráð fyrir að sett verði á laggirnar ný ríkisstofnun, Kvikmyndastofnun Íslands, heldur er Kvikmyndasjóði ætlað að starfa áfram, en sjóðnum ætlað nokkru víðtækara starfssvið en áður.
2. Haldið er þeirri hugmynd að sameina stjórn og starfsemi Kvikmyndasjóðs og Kvikmyndasafns í hagræðingar- og sparnaðarskygni svo að betur megi nýtast starfslið og húsnæði, en að öðru leyti gert ráð fyrir að safnið starfi sjálfstætt með svipuðum hætti og verið hefur.
3. Aðaltekjur Kvikmyndasjóðs eru árlegt framlag úr ríkissjóði, er nemi öllum áætluðum söluskatti af kvikmyndasýningum í landinu. Er þessi breyting í samræmi við sérálit Halldórs Blöndals en á hinn bóginn er felld niður ákvæði um ábyrgðir á lánum til kvikmyndagerðarmanna, sem næsta óljóst er hvernig ætti að framkvæma.
4. Nýmæli er ákvæði um skylduskil á kvikmyndum til Kvikmyndasafns.
5. Nýmæli er einnig að Kvikmyndasjóði er heimilað að láta starfsemi sína ná til myndbandagerðar og annarra tækninýjunga, sem tengjast hefðbundinni kvikmynda-gerð.

Aðrar breytingar eru minni háttar.

Þess skal getið að miðað við áætlaðan söluskatt af kvikmyndum á árinu 1982 hefðu tekjur sjóðsins numið 14.5—16 milljónum króna samkvæmt þessu frv.

Fylgiskjal 1.

Herra menntamálaráðherra,
Ingvar Gíslason.

Nefnd skípuð með bréfi 11. maí 1981, til að kanna leiðir til eflingar Kvikmyndasjóði, hefur nú lokið störfum.

Nefndarmenn eru sammála um meðfylgjandi tillögur, sem yður eru hér með sendar í frumvarpsformi.

Indriði G. Þorsteinsson.	Virðingarfyllst,	
Sigmar B. Hauksson.	Vilmundur Gylfason.	Guðrún Helgadóttir.
	Halldór Blöndal,	Jón E. Böðvarsson.
	með fyrirvara, sem gerð verður grein fyrir í sérstöku áliti.	
	Þorsteinn Jónsson.	

**Frumvarp til laga
um Kvikmyndastofnun Íslands, Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasafn.**

**I. KAFLI
Kvikmyndastofnun.**

1. gr.

Stofna skal Kvikmyndastofnun Íslands.

2. gr.

Verkefni Kvikmyndastofnunar Íslands eru eftirfarandi:

1. Rekstur Kvikmyndasjóðs.
2. Rekstur Kvikmyndasafns.
3. Aðgerðir til að bæta kvikmyndamenningu á Íslandi.
4. Öflun og útgáfa upplýsinga um íslenskar kvikmyndir.
5. Kynning á íslenskum kvikmyndum erlendis í samvinnu við kvikmyndaframleiðendur á kvikmyndahátíðum og öðrum vettvangi.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna stjórn Kvikmyndastofnunar til fjögurra ára í senn. Skal formaður skipaður án tilnefningar en hinir fjórir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

Félags kvikmyndagerðarmanna, Sambands ísl. kvikmyndaframleiðenda, Félags kvikmyndahúsaeigenda og Félags íslenskra leikara.

4. gr.

Stjórn Kvikmyndastofnunar ræður framkvæmdastjóra þann tíma, sem hún situr.

**II. KAFLI
Kvikmyndasjóður.**

5. gr.

Kvikmyndasjóður er eign ríkisins og starfar sem hluti af Kvikmyndastofnun Íslands.

6. gr.

Kvikmyndasjóður tekur við eignum Kvikmyndasjóðs samkvæmt lögum um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð samþykkt 26. apríl 1978, númer 14/1978.

7. gr.

Tekjur Kvikmyndasjóðs eru:

1. Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemur 60 prósent af áætluðum söluskatti af öllum kvikmyndasýningum í landinu.
2. Vaxtatekjur.

8. gr.

Stjórn Kvikmyndasjóðs er heimilt að afla sér lánsfjár allt að 50 prósent af áætluðum söluskatti af öllum kvikmyndasýningum í landinu gegn ábyrgð ríkissjóðs.

Stjórn Kvikmyndasjóðs er heimilt að ábyrgjast lán til kvikmyndagerðar úr lánastofnunum fyrir allt að upphæð er nemur 40 prósent af áætluðum söluskatti af öllum kvikmyndasýningum í landinu gegn ábyrgð ríkissjóðs.

9. gr.

Kvikmyndasjóður veitir styrki og lán og útvegar ábyrgðir vegna framleiðslu íslenskra kvikmynda.

10. gr.

Kvikmyndasjóður kostar rekstur Kvikmyndastofnunar.

11. gr.

Kvikmyndasafn Íslands fær árlegt framlag úr Kvikmyndasjóði.

12. gr.

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn Kvikmyndasjóðs til tveggja ára í senn og skal skipta um alla stjórnarmenn á tveggja ára fresti. Stjórnin úthlutar úr sjóðnum. Formaður skal skipaður án tilnefningar en hinir samkvæmt tilnefningu eftirtalinnna aðila: Félags kvikmyndagerðarmanna, Sambands kvikmyndaframleiðenda.

III. KAFLI

Kvikmyndasafn.

13. gr.

Kvikmyndasafn skal safna íslenskum kvikmyndum og kvikmyndum um íslenskt efni, gömlum og nýjum, hverju nafni sem nefnast, og varðveita þær. Jafnframt aflar safnið sér eintaka (eftirgerða) af erlendum kvikmyndum sem hafa listrænt og kvikmyndasögulegt gildi að mati stjórnar Kvikmyndastofnunar sem jafnframt er stjórn safnsins.

14. gr.

Ráðinn skal sérhæfður framkvæmdastjóri Kvikmyndasafns og skal hann annast rekstur safnsins. Skulu laun hans greidd úr ríkissjóði.

15. gr.

Kvikmyndasafn Íslands skal hafa sýningar á kvikmyndum safnsins fyrir almenning og áhugamannahópa.

Kvikmyndasafn skal koma upp safni af bókum og tímaritum um kvikmyndir, og skal hafa frammi til sölu þær bækur og tímarit sem ástæða þykir til. Kvikmyndasafn skal halda uppi fræðslu og umræðum um kvikmyndalist.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

16. gr.

Kvikmyndastofnun, Kvikmyndasjóður og Kvikmyndasafn skulu í sameiningu stuðla að eflingu íslenskrar kvikmyndagerðar og auknum skilningi á kvikmyndalist almennt. Skulu stofnun, sjóður og safn leitast við í trausti samvinnu að sinna þessu verkefni með öllum tiltækum ráðum eftir því sem fjárhagur og aðstæður frekast leyfa.

17. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð með lögum þessum þar sem nánar er ákveðið um hlutverk og starfsemi Kvikmyndastofnunar, Kvikmyndasjóðs og Kvikmyndasafns, og settar reglur um úthlutun úr Kvikmyndasjóði.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982, en jafnframt falla úr gildi lög númer 14/1978. Lög þessi falla úr gildi 31. des. 1987.

Greinargerð.

Óþarft er að fjölyrða um mikilvægi kvikmyndagerðar hér á landi. Ótvíræður áhugi almennings á íslenskum kvikmyndum tekur af allan vafa þar um. Íslendingar standa í engu að baki öðrum menningarþjóðum í listsköpun, en þessa listgrein hafa menn til skamms tíma orðið að sækja frá öðrum löndum eingöngu, fyrst og fremst vegna skorts á fjármagni til framleiðslu íslenskra kvikmynda.

Íslensk kvikmyndagerð tók stórt stökk fram á við árið 1979 þegar Kvikmyndasjóður Íslands var stofnaður og fyrstu styrkirnir voru veittir. Viðbrögð kvikmyndagerðarmanna létu ekki á sér standa og árangurinn verður að teljast góður, enda hafa þær íslenskar kvikmyndir, sem gerðar hafa verið á þessum stutta tíma, vakið athygli heima og erlendis. Aðsókn hér heima hefur farið langt fram úr því sem þekktist annars staðar í heiminum. Íslendingar hafa nú yfir að ráða tækni og þekkingu sérmenntaðs fólks í kvikmyndagerð. Síðustu fjórar kvikmyndir þeirra hafa staðið undir kostnaði, en erfiðleikar kvikmyndagerðarmanna eru fólgnir í að afla fjár til að framleiða myndirnar. Síðar ætti kvikmyndagerð að geta orðið arðbær atvinnugrein sem ekki er minni ástæða til að örva en aðrar atvinnugreinar. Þess vegna er kominn tími til að stíga annað skrefið til eflingar Kvikmyndasjóðs, svo að tryggt verði að ekki komi til stöðvunar nú. Með þessu frumvarpi ætti það að vera tryggt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Nauðsyn á stofnun Kvikmyndastofnunar hefur um nokkurt skeið verið ljós. Hlutverk hennar er fyrst og fremst að samræma störf í þágu íslenskrar kvikmyndagerðar og kvikmyndamenningar. Stofnunin mun gegna mikilvægu hlutverki við að safna upplýsingum um íslenskar kvikmyndir og gefa út kynningarit um þær og afla þeim markaða. Undir Kvikmyndastofnun fellur einnig rekstur Kvikmyndasjóðs, þó að sérstök stjórn annist úthlutun úr honum.

Um 2. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Kvikmyndahúsaeygendur og leikarar fá aðild að stjórn Kvikmyndastofnunar, en svo var ekki um Kvikmyndasjóð. Þetta er gert til þess að efla samstarf þessara aðila við kvikmyndagerð og dreifingu.

Um 4. gr.

Framkvæmdastjóri er fyrst og fremst rekstraraðili og því viðskiptamenntun æskileg.

Um 5. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir að Kvikmyndasjóður veiti í auknum mæli lán til framleiðslu mynda í stað þess að veita styrki. Skilmálar ættu að vera þannig að hægt væri með samþykkt sjóðsstjórnar að breyta lánnum í styrki hafi kvikmynd ekki staðið undir kostnaði. Auk lána og styrkja býður sjóðurinn upp á ábyrgð á lánnum sem fengin eru í lánastofnunum. Þannig gæti aðstoð sjóðsins við ákveðið verkefni t. d. verið: 20% styrkur, 20% lán og 20% ábyrgð og er þá miðað við framleiðslukostnað meðalmyndar.

Um 9. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Framkvæmdastjóri og ritari í hálfu starfi ættu að valda þessu verkefni.

Um 11. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 13. gr.

Efnislega samhljóða 2. grein laga númer 14/1978.

Um 14. gr.

Framkvæmdastjóri er nú í hálfu starfi við safnið.

Um 15. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 16. og 17. gr.

Eru að mestu samhljóða 10. og 11. grein laga númer 14/1978, en lagfærðar með tilliti til breytinga á þeim.

Um 18. gr.

Talið er edlilegt að endurskoða lögina að fimm árum liðnum, og mætti svo vera um hina ýmsu sjóði sem byggja á mörkuðum tekjustofnum.

Um 19. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Sérálit Halldórs Blöndals um frumvarp til laga um Kvikmyndastofnun Íslands, Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasafn.

Á s. l. hausti skiluðum við, sem skipuð vorum í nefnd til þess að gera tillögur um hvaða leiðir væru færar til eflingar Kvikmyndasjóði, drögum að frumvarpi til laga um Kvikmyndastofnun Íslands, Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasafn. Ég boðaði þá að ég mundi skila séráliti, sem hér skal gerð grein fyrir.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sérstök 5 manna stjórn skuli skipuð yfir Kvikmyndastofnun til fjögurra ára í senn. Verksvið hennar er allviðtækt og fellur rekstur Kvikmyndasjóðs m. a. undir það, svo og rekstur Kvikmyndasafns. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir því að sérstök stjórn þriggja manna skuli skipuð yfir Kvikmyndasjóð til tveggja ára í senn og skuli jafnan skipt um alla stjórnarmenn. Meðal verkefna Kvikmyndasjóðs er að kosta rekstur Kvikmyndastofnunar. Að minni hyggju er ónaúdsynlegt að skipta Kvikmyndastofnun upp með þessum hætti og tel ég edlilegra og vænlegra til árangurs að sama stjórnin skuli annast

rekstur og bera ábyrgð á Kvikmyndastofnun, Kvikmyndasjóði og Kvikmyndasafni. Ef á hinn bóginn þessi kostur verður valinn að hafa stjórnirnar tvær, tel ég nauðsynlegt að sami formaður sé fyrir þeim báðum til þess að eðlileg tengsl haldist og ekki komi til árekstra vegna fjárþarfar Kvikmyndastofnunar og getu sjóðsins til þess að rísa undir henni.

Það er álitamál hversu mikil fjárþörf Kvikmyndasjóðs er á ári hverju og verður reynslan að skera úr um það. Við því er þó að búast að hún sé meiri en Alþingi er reiðubúið að fullnægja á hverjum tíma. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að árlegt framlag úr ríkissjóði skuli nema 60% af áætluðum söluskatti af öllum kvikmyndasýningum í landinu. Ég kysi fremur að hækka þessa fjárhæð upp í 100% af áætluðum söluskatti en gefa Kvikmyndasjóði þær víðtæku ábyrgðarheimildir, sem gert er ráð fyrir í 8. grein. Sé ég raunar ekki, að þær standist, og óneitanlega stuðluðu þær að kæruleysi um meðferð opinbers fjár, ef að lögum yrðu, eins og frá þeim er gengið í drögunum.

Um almennt orðalag frumvarpsins, uppbyggingu þess og einstök atriði í greinargerð hef ég allan fyrirvara.

Reykjavík, 25. mars 1982.
Halldór Blöndal alþingismaður.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 14. október 1982.

Hr. menntamálaráðherra
Ingvar Gíslason,
Menntamálaráðuneyti,
Hverfisgötu,
Reykjavík.

Vegna: Frumvarps til laga um Kvikmyndastofnun Íslands, Kvikmyndasjóð og Kvikmynda-
safn.

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda lýsir hér með fullum stuðningi við tillögu þingnefndar að frumvarpi til laga um Kvikmyndastofnun Íslands, Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasafn.

Vegna sérálits Halldórs Blöndals vill Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda taka fram að það setur sig ekki gegn hugmyndum Halldórs um tekjuöflun til Kvikmyndasjóðs, þ. e. að í stað ríkisábyrgða á lánum komi fé af fjárlögum er sé varið til styrkja.

Formaður sambandsins, Jón Hermannsson, hefur haft samband við fjármálaráðherra Ragnar Arnalds og lýsti hann fullum stuðningi við frumvarpið enda hafði verið haft samráð við hann þegar frumvarpið var samið.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Jónsson ritari.

Fylgiskjal III.

Umsögn Félags kvikmyndagerðarmanna um frumvarp til laga um Kvikmyndastofnun Íslands, Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasafn.

Félag kvikmyndagerðarmanna telur mjög aðkallandi, að fastur tekjustofn sé markaður til handa kvikmyndagerð á Íslandi.

Í frumvarpi til laga um Kvikmyndastofnun Íslands, Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasafn er gert ráð fyrir því, að árlegt framlag úr ríkissjóði til Kvikmyndasjóðs skuli nema 60% af áætluðum söluskatti af kvikmyndasýningum í landinu, auk ábyrgða.

Fyrir liggur að aðsókn að kvikmyndahúsum hefur minnkað mjög á þessu ári og má búast við að sú þróun haldist hin næstu ár. Ástæðu þess má telja hina öru þróun myndbandsmála hérlandis. Í ljósi minnkandi aðsóknar að kvikmyndahúsum hérlandis getur félagið tekið undir sérálit Halldórs Blöndals, hvað varðar fjármögnun til Kvikmyndasjóðs, um að framlag ríkissjóðs til sjóðsins verði 100% af áætluðum söluskatti af öllum kvikmyndasýningum, þó þannig að ábyrgðarhluti frumvarpsins haldi sér.

Að auki vill félagið benda á þann möguleika að farin verði svipuð leið hérlandis og farin hefur verið í nágrannalöndum okkar, þar sem lögð hafa verið gjöld á myndbandstæki og myndbandsspólur til heimilisnota og þeim tekjum varið til kvikmyndagerðar.

Félagið telur nauðsynlegt að Kvikmyndasafni verði tryggt árlega hæfilegt framlag úr ríkissjóði og að Kvikmyndasjóður leggi safninu til samsvarandi upphæð.

Þá telur félagið æskilegt að endurskoðun laganna fari fram innan þriggja ára í stað fimm í frumvarpinu, þar sem einsýnt er að sá hluti frumvarpsins, er fjallar um Kvikmyndasafn, þarfnast nánari skilgreiningar hvað varðar starfssvið safnsins innan Kvikmyndastofnunar, svo og sjálfstæði þess.

Reykjavík 26. 10. 1982.

F. h. Félags kvikmyndagerðarmanna

Helgi Gestsson.

Fylgiskjal IV.

Reykjavík, 11. nóvember 1982.

Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6,
101 Reykjavík.

Vísað er til bréfs Menntamálaráðuneytis, dags. 5. febrúar 1982, Db.: K-32, þar sem óskað er eftir umsögn Kvikmyndasafnsins um frumvarp til laga um Kvikmyndastofnun Íslands, Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasafn. Fer umsögnin hér á eftir:

Stjórn Kvikmyndasafns Íslands fagnar því, að lög um Kvikmyndasafn og Kvikmyndasjóð frá 26. 04. 1978 verði endurskoðuð í ljósi fenginnar reynslu. Vætanlega verður sú endurskoðun til eflingar íslenskri kvikmyndagerð og annarri tengdri starfsemi, þ. á m. rekstri Kvikmyndasafnsins.

Stjórn Kvikmyndasafnsins álitur hins vegar, að í framkomnum frumvarpsdrögum sé hlutur safnsins heldur fyrir borð borinn og jafnvel skref aftur á bak frá eldri lögum. Á þetta einkum við um stjórn safnsins og fjárveitingu til þess.

Í 13. gr. er gert ráð fyrir, að stjórn Kvikmyndastofnunar sé jafnframt stjórn safnsins. Samkvæmt 3. gr. er hins vegar enginn fulltrúi hreinna varðveislusjónarmiða (safnmanna) í stjórninni. Þar er heldur ekki gert ráð fyrir fulltrúa Sjónvarpsins, en æskilegt væri, að tengsl safnsins við þá stofnun ykjast fremur en hitt.

Í 11. gr. er gert ráð fyrir, að safnið fái árlegt framlag úr Kvikmyndasjóði, en ekki er getið um neina viðmiðunartölu. Stjórn sjóðsins á hins vegar að vera skipuð fulltrúum kvikmyndagerðarmanna og kvikmyndaframleiðenda auk formanns. Gefur auga leið, hversu hætt er við, að framlag til safnsins yrði látið sitja á hakanum, þegar svo fjárþurfi aðilar eiga í hlut, jafnvel þótt góðviljaðir séu. Góð meining enga gerir stoð.

Það er því álit okkar, að safnið þurfi sína sérstöku stjórn og sjálfstæðan fjárhag, sem tryggður sé með sérstöku framlagi á fjárlögum. Auk þess teljum við, að tryggja þurfi vöxt og viðgang safnsins með fleiri ákvæðum. Við gerum því eftirfarandi breytingartillögur:

- a) 2. liður 2. greinar falli niður.
- b) Kvikmyndasafnið fái fulltrúa í stjórn Kvikmyndastofnunar.
- c) 11. gr. falli niður og röð breytist í samræmi við það.
- d) Núverandi 13. gr. orðist svo:

„Kvikmyndasafnið skal safna íslenskum kvikmyndum og kvikmyndum um íslensk efni, hverju nafni sem nefnist, gömlum og nýjum, og varðveita þær. Jafnframt aflar safnið sér eintaka af erlendum kvikmyndum, sem hafa listrænt og kvikmyndasögulegt gildi að mati stjórnar þess.

Kvikmyndasafnið skal fá eintök af öllum þeim kvikmyndum, sem njóta með einhverjum hætti fyrirgreiðslu Kvikmyndasjóðs, svo og öllum myndum, sem erlendir aðilar fá leyfi til að kvikmynda á Íslandi.

Einnig skal það safna heimildum um íslenska kvikmyndasögu, skrásetja þær og varðveita.

Safnið skal gefa út árlega kvikmyndaskrá.“

- e) Núverandi 14. gr. orðist svo:

„Ríkissjóður greiðir árlegt framlag til Kvikmyndasafns, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum. Ráðinn skal sérhæfur framkvæmdastjóri safnsins og annað starfslíð, eftir því sem þörf krefur og fjárveitingar leyfa.“
- f) 15. gr. orðist svo:

„Kvikmyndasafn skal koma upp aðstöðu til kvikmyndasýninga, þar sem fram fari reglubundnar sýningar á vegum safnsins. Í Kvikmyndasafninu skal vera aðstaða til fræðiiðkana, og skal safnið koma sér upp bókakosti og tímarita um kvikmyndir og skyld efni. Kvikmyndasafn skal halda uppi fræðslu og umræðum um kvikmyndir.“
- g) Við bætist svohljóðandi grein:

Menntamálaráðherra skipar fimm manna stjórn Kvikmyndasafns til fjögurra ára í senn. Skal formaður skipaður án tilnefningar, en hinir fjórir samkvæmt tilnefningu eftirtalinnna aðila: Félags kvikmyndagerðarmanna, Námsgagnstofnunar-Fræðslumyndasafns, Ríkisútvarpsins-Sjónvarps og Þjóðminjasafns Íslands. Stjórnin tekur ákvarðanir um kvikmyndakaup og heildarstarfsemi safnsins, en framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur.

Virðingarfyllst,
f.h. Kvikmyndasafns Íslands
Erlundur Sveinsson, forstöðumaður.